Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1285
komudagur 24.3.2014

Jón Steindór Valdimarsson
lögfræðingur

Alþingi
Utanríkismálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, þingskjal 635, 340. mál.

Spurningin um aðild Íslands að Evrópusambandinu er án vafa stærsta viðfangsefni utanríkisstefnu okkar Íslendinga frá því að við urðum fullvalda og sjálfstætt ríki.

Alþingi ákvað með þingsályktun þann 16. júlí 2009 að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Á grundvelli hennar hafa viðræður staðið þar til hlé var gert í aðdraganda síðustu Alþingiskosninga.

Núverandi ríkisstjórn hefur leyst samninganefnd Íslands upp og stöðvað samningaferlið.

Þingsályktunartillagan sem hér er til umsagnar felur í sér að Ísland slítur endanlega viðræðum við Evrópusambandið. Það er að mati undirritaðs fullkomið óráð og fer gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar í fjölmörgum atriðum, ekki síst hagsmunum atvinnulífs okkar til framtíðar og ungu kynslóðarinnar.

Það er afdrifarík ákvörðun að slíta viðræðum. Það á ekki að gera að þjóðinni forspurðri, ekki síst í ljósi skýrra loforða þeirra sem nú sitja í ríkisstjórn um að þjóðin yrði höfð með í ráðum um framhald málsins. Þingsályktunin gengur þvert gegn þessum fyrirheitum.

Ég skora þess vegna á utanríkismálanefnd og Alþingi að leggja til hliðar þessa tillögu til þingsályktunar og boða þess í stað til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar verði þjóðin spurð þessarar spurningar:

> ***Vilt þú ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið, sem hófust með ályktun Alþingis 16. júlí 2009, eða vilt þú slíta þeim?***

Það er lágmarkskrafa að Alþingi virði þann skýra þjóðarvilja sem birtist í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri um að halda eigi viðræðum áfram og í það minnsta að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið.

Rétt er að minna á að þegar þessi umsögn er skrifuð hafa 53.000 Íslendingar með kosningarétt skrifað undir áskorun þessa efnis. Það eru 22% kosningabærra manna.

Alþingi getur ekki sóma síns vegna hunsað þjóðarviljann með þeim hætti sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Hana ber að draga til baka án frekari málalenginga og boða til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem 53.000 Íslendingar krefjast.

Jón Steindór Valdimarsson

Funafold 89, 112 Reykjavík / gsm: 662 1217 / t-póstur: jonsteindor@gmail.com